

Alþingi
Erindi nr. P 143/573
komudagur 9.12.2013



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Hr. Birgir Ármannsson
Formaður utanríkismálanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 3. desember 2013
UTN13100105/97.P.740
EG/höi

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stuðning við sjálfsákvörðunarrétt íbúa Vestur-Sahara. 143. löggjafarþing 2013–2014.
Þskj. 88 — 88. mál.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur verið unnið að því að finna lausn á deilunni um Vestur-Sahara allar götur síðan átök milli Marokkó og frelsishreyfingarinnar Polisario brutust út í kjölfar brotthvarfs Spánverjar frá Vestur-Sahara 1975.

Deilan er enn óleyst og hefur lent í skugga margra annarra mála á alþjóðavettvangi, þ.m.t. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sérstakur sendimaður aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Sahara hefur unnið að lausn deilunnar frá árinu 2004.

Polisario lýsti 1976 yfir stofnun arabíska lýðveldisins Sahrawi Arab Democratic Republic. Áætlað er að tæplega 50 ríki viðurkenni nú það ríki en í þeim hópi er ekkert vestrænt ríki.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafa árlega undanfarinn áratug samþykkt einróma ályktanir, sem m.a. kveða á um að sjálfsákvörðunarréttur íbúa Vestur-Sahara skuli virtur í samræmi við stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og lýsa stuðningi við áframhaldandi aðgerðir SP til að hlutast til um pólitíska lausn.

Friðargæslusveit SP í Vestur-Sahara (United Nations Mission for Referendum in Western-Sahara, MINURSO) hefur starfað á svæðinu síðan 1991, þegar komið var á vopnahléi. MINURSO átti upphaflega að veita aðstoð vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð svæðisins en hún hefur enn ekki farið fram. Ýmsar alþjóðastofnanir og samtök hafa lýst yfir áhyggjum vegna stöðu mannréttinda- og mannúðarmála á svæðinu.

Íslensk stjórnvöld hafa talið brýnt að alþjóðasamfélagið veiti þráteflinu í Vestur-Sahara verðskuldaða athygli. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland reglulega lagt áherslu á mikilvægi þess að ná fram pólitískri lausn sem byggji á sjálfsákvörðunarrétti íbúa Vestur-Sahara, m.a. með stuðningi við ofangreindar ályktanir allsherjarþingsins. Fastafulltrúi Íslands hjá SP fjallaði síðast um málið í umræðum á vettvangi allsherjarþingsins í nóvember 2013.

Það er mat utanríkisráðuneytisins að stefna íslenskra stjórnvalda sé í samræmi við tillögu til þingsályktunar um stuðning við sjálfsákvörðunarrétt íbúa Vestur-Sahara.

F.r.